



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir,  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. apríl 2006

Tilvísun : 2006030051

Visað er til bréfs dags. 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum o.fl., 619. mál, samningur Evrópuráðsins um tölvubrot.

Barnaverndarstofa tekur undir mikilvægi þess að fullgilda samning Evrópuráðsins um tölvubrot og að gera nauðsynlegar lagabreytingar til að íslenska ríkið geti uppfyllt skuldbindingar samkvæmt samningum.

Barnaverndarstofa hefur sérstaklega farið yfir ákvæði sem varðar barnaklám. Barnaverndarstofa verður að hvetja eindregið til þess að íslensk löggjöf gangi ekki skemur en ákvæði samningsins gera ráð fyrir, þrátt fyrir heimild í 4. mgr. 9. gr. samningsins fyrir samningsaðila til að ganga skemur. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er farið yfir markmið þess að gera vörslu barnakláms refsiverða og þar kemur fram meginmarkmiðið að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Svo er nefnt að sú löggjafarstefna sem hafi verið mótuð með lögum nr. 126/1996 lúti beinlínis að refsivernd barna sem eiginlegra brotþola og því standi ekki fullnægjandi rök til þess að rýmka hugtakið barnaklám. Barnaverndarstofa telur koma skýrt fram í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 126/1996 að stefna löggjafans hafi bæði verið að vernda börn sem brotþola en einnig að móta skýra afstöðu gegn barnaklámi og draga úr áhuga og eftirspurn eftir barnaklámi. Með þessi markmið í huga telur Barnaverndarstofa mjög mikilvægt að lögfesta ákvæði b. og c. liðar 2. mgr. 9. gr. samningsins um tölvubrot, þ.e. að barnaklám taki til þess þegar klámfengið efni sýni einstakling sem líti út fyrir að vera ólögráða og þegar klámfengið efni sýni raunsannar myndir sem tákna eigi ólögráða börn í kynferðislegum athöfnum, enda sé hvort tveggja til þess fallið að viðhalda áhuga og eftirspurn eftir barnaklámi og auka hættuna á að börn verði beitt kynferðislegu ofbeldi almennt eða við gerð barnakláms. Markmið með ákvæði 9. gr. samningsins er að vernda börn með þessum hætti og Barnaverndarstofa telur engin rök standa til þess að íslenska ríkið hafi önnur markmið eða veiti börnum lakari vernd að þessu leyti.

Þó frumvarpið sé tengt fullgildinu Evrópuráðssamningsins vill Barnaverndarstofa af þessu tilefni nefna nokkuð önnur atriði tengd barnaklámi. Barnaverndarstofa hvetur til þess að fangelsisrefsing komi ekki einungis til álita ef brot er talið stórfellt. Almennt er talið að brot



## BARNAVERNDARSTOFA

gegn 2. mgr. 210. gr. fjalli um það sem flokkast sem gróft klám og hvetur Barnaverndarstofa til þess að refsiramminn verði almennt sektir eða fangelsi allt að tveimur árum án nánari afmörkunar.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir